

## Kynningarbréf – Steindór Gunnar Steindórsson

Frambjóðandi til stjórnar Visku

Ég býð mig hér með fram til áframhaldandi setu í stjórn stéttarfélagsins Visku. Ég hef verið virkur þátttakandi í starfi félagsins allt frá stofnun þess, en áður sat ég sem varaformaður í Félagi íslenskra félagsvísindamanna – einu af þeim félögum sem sameinuðust í Visku. Það hefur verið bæði lærdómsríkt og gefandi að fylgja félaginu frá fyrstu skrefum og leggja mitt af mörkum til þess að móta það sem vettvang fyrir faglegt og öflugt stéttarfélag.

Ég átti einnig sæti í stýrihópi sem vann að nafni félagsins og mörkun þess – frá vali á nafni og útliti merkis til heildarútfærslu á ásjón Visku. Þetta var skapandi og krefjandi vinna sem endurspeglar þann metnað og samvinnu sem einkennir félagið.

Minn bakgrunnur kemur úr anga félagsvísindanna og hef ég áralanga reynslu úr fjölmiðlum, stjórnsýslu og almannatengslum. Ég hef starfað hjá RÚV, Rauða krossinum, UNICEF á Íslandi, Þjóðminjasafninu og Sjúkratryggingum Íslands, auk þess að reka eigið fyrirtæki í yfir áratug. Starf mitt hefur ávallt snúist um að miðla flóknum upplýsingum á aðgengilegan hátt, byggja upp traust og efla samskipti – hvort sem það hefur verið í þágu almennings, stofnana eða samstarfsaðila.

Ég hef brennandi áhuga á félagsmálum og trú á mikilvægi þess að félagið okkar sé öflug rödd í samfélaginu. Stéttarfélag á að standa vörð um réttindi félagsfólks, styðja við faglegt starf og vera sýnilegt á vettvangi. Ég vil halda áfram að vinna að þessum markmiðum með Visku og leggja mitt af mörkum til áframhaldandi uppbyggingar.

Ég er sjálfstætt starfandi, giftur og á þrjú börn á grunnskólaaldri. Ég býð fram reynslu mína, krafta og ástríðu – og hlakka til að vinna áfram að sameiginlegum markmiðum okkar innan félagsins.

Hér má finna LinkedIn prófilinn minn:

👉 <https://www.linkedin.com/in/steindorsson>